

Alþingi
Erindi nr. P 132/493
komudagur 8.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2005.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Lagt fyrir 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 51 – 51. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té svofellda umsögn:

Með frumvarpinu er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði afnumin. Í ákvæði þessu er mælt fyrir um skyldu opinbers starfsmanns, sem einhverra hluta vegna hefur kosið að standa utan stéttarfélags samkvæmt lögnum, að greiða félagsgjald til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra. Er vísað til þess í athugasemdum með frumvarpinu og færð fyrir því lagaleg rök, að ákvæði þetta brjóti í bága við 74. gr. stjórnarskrárinnar og jafnvel fleiri ákvæði hennar.

Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á 126., 127., 130. og 131. löggjafarþingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur áður látið í té umsögn um frumvarpið, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 29. mars 2001. Það var niðurstaða nefndarinnar á þeim tíma, að ekki yrði undan því vikist að fallast á þau sjónarmið þáverandi flutningsmanns, að umrætt lagaákvæði væri barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku ákvæðisins. Á hinn bóginn varaði laganefndin einnig við því að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna yrði breytt einum og sér, án þess að jafnframt færi fram endurskoðun á annarri löggjöf, svo sem lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands ítrekar fyrri afstöðu sína með vísan til þeirra raka sem sett voru fram í fyrri umsögn nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.